



Starfslýsing Aðstoðarskólastjóri

Starfssvið og ábyrgð:

- Aðstoðarskólastjóri er hluti af stjórnunarteymi skólans og staðgengill skólastjóra. Hann tekur þátt í að skipuleggja skólastarfið, stjórna og eiga dagleg samskipti við nemendur, foreldra og samstarfsfólk.
- Hann er virkur þátttakandi í þróunar- og nýbreytnistarfi skólans ásamt því að halda utan um stýrihópa skólans með stjórnunarteyminu.
- Hann tekur virkan þátt í að móta og viðhalda menningu skólans.
- Hefur forystu í faglegu starfi skólans ásamt skólastjóra og fylgist, ásamt kennurum, með að unnið sé í samræmi við sett markmið aðalnámskrár, skólanámskrár og stefnu skólans.
- Ber að kynna sér eftir föngum nýjungar á sviði kennslu og kennslugagna og vera leiðandi í faglegri umræðu innan skólans.
- Hefur einkunnarorð og stefnu skólans að leiðarljósi í störfum sínum.

Helstu verkefni:

- Hann vinnur að gerð skólanámskrár, þróunaráætlunar, endurmenntunarstefnu, sjálfsmatsáætlunar skólans, innra mats, skipulags náms og kennslu og stuðlar að virkri þátttöku kennara eftir tilefni hverju sinni.
- Heldur utan um gögn, skýrslur, skráningar og samantekt á lykiltölum fyrir innra mat ásamt skólastjórnendum.
- Sér um gerð stundaskrár í samvinnu við skólastjóra.
- Skipuleggur forfallakennslu og aðrar afleysingar og skráir þær.
- Kemur að teymisstarfi í skólanum.
- Sér um Skólapulúsin og er tengiliður hans innan skólans.
- Hefur yfirumsjón með heimasíðu skólans og ber ábyrgð á að heimasíðan sé uppfærð reglulega.
- Er tengiliður við Mentor og aðstoðar kennara eftir þörfum.
- Heldur utan um skipulag á Smiðjum í samstarfi við nágrannaskólana.
- Leitast við að jafna ágreining milli nemenda og kennara og tekur á agavandamálum sem upp koma í samvinnu við skólastjóra, deildarstjóra, kennara og foreldra.
- Hann fylgist með líðan og félagslegri stöðu nemenda í samvinnu við kennara og foreldra og kemur að skólasókn nemenda.
- Fylgist með framförum og árangri nemenda eftir mætti. Hann skal gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og er bundinn þagnarskyldu sem helst þótt látið sé af starfi.
- Vinnur náið með skólastjóra að öllum þeim verkefnum sem inna þarf að hendi.

Menntunar, reynslu og hæfniskröfur:

- Leyfi til þess að nota starfsheitið kennari – viðbótarmenntun er kostur.
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga.
- Skipulagshæfni, stundvísi, frumkvæði og sjálfstæði.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi og hæfni til að starfa í teymisvinnu.
- Góð íslenskukunnátta.